

Aðalfundur Landsnets hf

Skýrsla stjórnarformanns Friðriks Más Baldurssonar

31.03.2010

Eigendur, góðir fundarmenn

## Inngangur

Á undanförunum tveimur áratugum hafa orðið gríðarlegar breytingar á skipulagi raforkumála í Evrópu og reyndar um víða veröld. Markaðsvæðing hefur haldið innreið sína í atvinnugrein sem víðast einkenndist af einokun og einkaleyfum. Vissulega býr raforkugeirinn að hluta til við ákveðnar hagrænar aðstæður sem eru sérstakar og gera það að verkum að hefðbundin markaðslögmál eiga ekki við um hann. Flutningur og dreifing raforku er í eðli sínu náttúruleg einkasala og því hagkvæmt að einn aðili sjái um slíkan rekstur. Hins vegar gilda hefðbundin markaðslögmál um framleiðslu og sölu raforku. Segja má að gerðir Evrópusambandsins sem lúta að breytingum á raforkumarkaði í samkeppnisátt hafi einkenndist af vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á stigvaxandi markaðsbúskap í viðskiptum með raforku með því að opna aðgang að flutnings- og dreifikerfum raforkunnar samhliða því sem gætt er að neytendasjónarmiðum og umhverfisþáttum.

Með gildistöku EES - samningsins á Íslandi hafa ýmis tilmæli eða tilskipanir Evrópusambandsins á sviði orkumála verið innleidd og hefur það leitt til margháttæðra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál í landinu.

Árið 2003 voru samþykkt ný raforkulög á Alþingi sem tóku mið af tilskipunum Evrópusambandsins. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu hennar, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Við setningu laganna árið 2003 var tekið tillit til margbreytilegra aðstæðna í landinu, stöðu og réttinda þeirra fyrirtækja sem fyrir voru á markaði, eignarhalds, samninga um sölu og flutning raforku til stórnotenda, jafnræðis landshlutanna og kostnaðarréttar gjaldtöku samhliða jöfnun orkuverðs.

Þær umfangsmiklu breytingar á skipulagi orkufyrirtækjanna sem eru forsenda þess að uppfylla kröfur löggjafans um nýtt skipulag raforkumála hafa gengið misjafnlega innan Evrópusambandsins og togast þar á hin nýja hugsun annars vegar og sagan, hefðin og fjárhagslegir hagsmunir hins vegar. Þetta er að einhverju leyti raunin hér á landi.

Skipting raforkukerfisins í sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi er forsenda þess að koma á markaðsbúskap í þessari atvinnugrein þar sem sérleyfisfyrirtækin lúta sértæku eftirliti meðan almennari samkeppnisreglur gilda um samkeppnishlutann. Þar sem flest raforkufyrirtæki í Evrópu voru lóðréttar skipulagseiningar, þ e höfðu með höndum framleiðslu, flutning og dreifingu ásamt sölu, var nauðsynlegt að skilja á milli sérleyfishlutans og samkeppnishlutans. Þessi aðskilnaður hefur ekki verið þrautalaus en frá 2007 hafa samningaviðræður átt sér stað milli Evrópuráðsins og hagsmunaaðila um hinn svokallaða þriðja lagapakka (Third Liberalisation Package) sem er ætlað að koma í framkvæmd helstu markmiðum orkustefnunnar, um samkeppni, sjálfbærni og öruggt orkuframboð. Samkomulag náðist síðastliðið haust um þriðja lagapakkann sem fól í sér málamiðlun. Hún felst meðal annars í að opnað er fyrir möguleika framleiðslufyrirtækjanna að eiga áfram flutningsvirki en að sjálfstæðum kerfisstjóra verði falið að fara með alla starfsemi flutningsvirkjanna þó að eignarhaldið verði áfram óbreytt. Talsverðar efasemdir eru um að þetta gangi í ljósi samruna orkurisanna í Evrópu og hættunnar á að þriðji löggjafarpakkinn um afnám hafta í orkumálum dugi ekki til að koma í veg fyrir fákeppni á orkumarkaðnum. Vilji Evrópusambandsins er þó alveg ljós en hann er að koma aðskilnaðinum á og að hann nái einnig til eignarhalds fyrirtækjanna.

## Fjármál

Hagnaður varð af rekstri Landsnets árið 2009 að fjárhæð 1.471,2 mkr. samkvæmt rekstrarreikningi. Um verulegan viðsnúning er að ræða frá árinu áður og stafar hann að mestu leyti af gengisþróun og áhrifum hennar á fjármagnsliði og tekjur.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 6.950,9 mkr. á móti 5.166,5 mkr. árið 2008.

Lausafjárstaða félagsins er sterk og nam handbært fé frá rekstri 7.518,9 mkr. en handbært fé í árslok 2009 nam 5.863,9 mkr.. Rekstrarhæfi félagsins er mjög gott. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 mun handbært fé frá rekstri standa undir fjárfestingum og afborgunum, auk þess sem gert er ráð fyrir að skuldir muni lækka. Forstjóri mun gera nánari grein fyrir afkomu ársins 2009.

## Lánamál

Árið 2009 var fyrsta langtímaútgáfa Landsnets á innlendum skuldabréfamarkaði. Fjárhæð útgáfunnar var 5 milljarðar króna (ISK). Skuldabréfin eru verðtryggð, gefin út til 25 ára og voru skráð á Nasdaq OMX kauphöllina á Íslandi. Helsta markmiðið með útgáfunni var að kynna Landsnet sem nýjan útgefanda á skuldabréfamarkaði og leggja þar með grunn að framtíðarfjármögnun fyrirtækisins á markaði. Viðbrögð fjárfesta voru jákvæð og umframeftirspurn var eftir skuldabréfunum. Fjöldi lífeyrissjóða var í fjárfestahópnum.

Samið var við móðurfélag um nýtt langtímalán til endurfjármögnunar á skammtímalánum sem Landsnet hefur fengið frá móðurfélagi undanfarin ár. Um er að ræða veltílan í Bandaríkjadöllum (USD) til ársins 2012. Heildarfjárhæð samningsins er USD 100 milljónir en í árslok var ádregin fjárhæð USD 75 milljónir, jafngildi um 9,4 milljarða króna. Skammtímalánin voru í USD, japönskum jenum (JPY) og svissneskum frönskum (CHF)

Þegar lítið er á gjaldmiðlasamsetningu lánasafns hefur vægi ISK aukist í kjölfar nýrrar skuldabréfaútgáfu og uppgreiðslu skammtímaskulda í erlendum gjaldmiðlum. Af vaxtaberandi skuldum nema skuldir í ISK 72%, USD 16% og CHF 12%.

### Fjárstýringarstefna

Fjármagnskostnaður er langstærsti útgjaldaliður Landsnets og er veruleg áhætta tengd þessum málaflokki. Stjórn Landsnets samþykkti því fjárstýringarstefnu fyrir Landsnet haustið 2009, en í fjárstýringarstefnunni eru m.a. sett fram markmið um stýringu fjármálaáhhættu, hlutverk, heimildir og viðmið. Helstu áhættuþættir sem eru skilgreindir eru vaxtaáhhætta, gengisáhhætta og lausafjáráhhætta. Jafnframt ákvað stjórnin að sett yrði á á stofn sérstök áhættunefnd sem fundar reglulega og vinnur að markmiðum félagsins og kortlagningu áhhættu í þessum málaflokki. Stjórn Landsnets mun fjalla reglulega um fjármálalega áhættuþætti og markmið á fundum sínum .

## Endurskoðun raforkulaganna frá 2003

Raforkulög nr 65 frá árinu 2003 mynda umgjörðina um starfsemi Landsnets. Við setningu laganna á sínum tíma var ákveðið að endurskoðun þeirra myndi fara fram eigi síðar en í árslok 2010. Nefnd á vegum iðnaðarráðherra vinnur um þessar mundir að endurskoðun laganna og hefur Landsnet tekið virkan þátt í þeirri vinnu enda er hér um mikilvægt hagsmunamál fyrir alla aðila á íslenskum raforkumarkaði í að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll greinarinnar.

Núgildandi lög og fyrirkomulag á mati á arðsemi, uppgjöri tekjumarkna og setningu nýrra tekjumarkna tryggja ekki nauðsynlegan stöðugleika í rekstri og uppbyggingu flutningskerfisins. Tillögur Landsnets um breytingar á lögnum hafa miðað að því að tryggja fjárhagslegar forsendur í greininni og starfsskilyrði sem leiði til stöðugleika flutningsgjaldskrár, skynsamlegra fjárfestinga, öruggs raforkuflutnings og eðlilegrar hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins.

Að mati Landsnets eru tvær mikilvægar breytingar lagðar til á Raforkulögnum, annars vegar varðandi breytingu á eignagrunni stórnotenda og hinsvegar að arðsemi verði skilgreind með tilliti til WACC eða vegins fjármagnskostnaðar. Grundvallaratriði er að hafa eignastofn stórnotenda og þar með grunn fyrir leyfðri arðsemi í sömu mynt og sett gjaldskrá. Tekjumörk hvers ramma grundvallast af þremur megin þáttum þ.e. leyfðri arðsemi, afskriftum og rekstrarkostnaði. Í dag er gjaldskrá stórnotenda í dollurum, þ.e. starfrækslumynt þessara fyrirtækja. Tekjumörkin eru hins vegar sett í íslenskum

krónum. Sú tilhögun skapar mikla gengisáhættu og getur valdið verulegum sveiflum í gjaldskrá til stórnotenda. Með því að setja eignastofn stórnotenda í dollar tekur meirihluti tekjumarka sömu breytingum og mynt gjaldskrár og skapar þannig stöðugleika gagnvart gjaldskránni. Með þessari aðferð er búið að færa gengisáhættu á rammans eingöngu á hluta rekstrarkostnaðar sem er um 20% af tekjumörkum rammans. Samfara þessari breytingu telur Landsnet einnig mikilvægt að breyta arðsemisviðmiðunum sem samkvæmt núverandi lögum er 5 ára óverðtryggt ríkisskuldabréf. Með því að binda arðsemi við WACC er tekið mið af eðlilegum fjármagnskostnaði greinarinnar. Annars vegar er miðað við innlenda fjármögnun gagnvart tekjumörkum almennings og hins vegar erlenda fjármögnum gagnvart tekjumörkum stóriðju. Leitað var í smiðju annarra þjóða varðandi þessi mál enda mjög algengt í þeim löndum sem okkur er tamt að bera okkur við að notaður sé veginn fjármagnskostnaður við ákvörðun arðsemi.

Þá hefur Landsnet talið nauðsynlegt að leggja fram tillögur um skýrari skilgreiningu á mörkum flutningskerfisins en er í núgildandi lögum, endurskoðaða skilgreiningu á stórnotendum og skilyrði fyrir tengingu við flutningskerfið. Tillögurnar lúta að því að mæta kröfum á markaði um aukið svigrúm fyrir nýsköpun og atvinnuuppbyggingu en þó þannig að jafnræði og gegnsæi sé haldið til haga.

## **Mikilvægi landskipulags fyrir hagkvæma uppbyggingu flutningskerfisins**

Raforkulögin frá 2003 tilgreina skyldur Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Markmið laganna eru skýr, þau eiga að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu og skilvirku raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Starfsemi Landsnets er þannig í almannapágu. Þegar leggja þarf flutningsveg raforku langa leið er svigrúm til breytinga vegna óska einstakra landeigenda eða sveitarfélaga takmarkað. Með vísan til hinna þjóðhagslegu raka sem hvíla að baki starfsemi Landsnets verður að telja eðlilegt að sérstaklega sé fjallað um þær kvaðir sem flutningskerfið kann að leggja á sveitarfélög og landeigendur. Mikilvægt er að þær lagaheimildir sem fyrirtækið vinnur eftir endurspegli þessa staðreynd.

Flutningskerfi Landsnets, rétt eins og vegakerfið liggur um landið allt og fer um flest sveitarfélög landsins. Því skiptir miklu fyrir Landsnet í viðleitni fyrirtækisins að byggja upp sem hagkvæmast flutningskerfi að verklag varðandi skipulagsmál sé einsleitt, en því er ekki að skipta í dag þar sem viðhorf sveitarfélaga til flutningsvirkja er mjög ólík. Landsnet telur því mikilvægt að landskipulagi komið á í náinni framtíð til að tryggja þá einsleitni sem nauðsynleg er.

Skipulagsákvæðanir einstakra sveitarfélaga geta haft verulega aukningu framkvæmdakostnaðar fyrir hagkvæma uppbyggingu flutningskerfisins sem samfélagið verður að greiða í ahærri flutningsgjöldum. Nýleg dæmi sanna að slík vandamál geta verið erfið viðureignar.

## Fjarskiptamál

Örugg fjarskipti eru ein af forsendum þess að Landsnet geti rækt kerfisstjórnunarhlutverk sitt. Fyrirtækið er einn stærsti kaupandi á fjarskiptaþjónustu hér á landi og eru umsvifin á þessu sviði vaxandi. Mannvirki Landsnets eru oft utan alfaraleiðar og hefur fyrirtækið í nokkrum tilvikum orðið að byggja eigin fjarskiptakerfi. Aukin áhersla á öryggismál auk sjónarmiða um hagkvæmni hafa leitt til þess að Landsnet mun leggja meiri áherslu á eigin fjarskiptakerfi, líklega í samvinnu við önnur orkufyrirtæki. Á þessum fjarskiptakerfum verður umtalsverð flutningsgeta umfram þarfir Landsnets og hafa fjarskiptafyrirtækin sóst eftir henni. Landsnet hefur óskað eftir breytingu raforkulaganna og að fyrirtækið fái sambærilegar heimildir og gilda í flestum ríkjum evrópusambandsins til að eiga og reka slík fjarskiptakerfi. Jafnframt verði fyrirtækinu heimilt að bjóða umframgetuna til fjarskiptafyrirtækjanna á markaðsforsendum. Með þessu má koma á fjarskiptatengingum til jaðarsvæða, nýta verðmæti á þjóðhagslega hagkvæman hátt og opna um leið samkeppnisumhverfinu að nýta sér þennan kost. Landsnet mun ekki, verði þessi tillaga samþykkt, fara í samkeppni við fjarskiptafyrirtækin.

## Staða samninga við nýja aðila

Ekki voru undirritaðir samningar um orkuflutning við nýja aðila á árinu. Umtalsverðar viðræður voru þó í gangi við fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi. Líklegt er að einhverjum þeirra ljúki með samkomulagi. Greinilegt er að mikill áhugi er meðal fyrirtækja á að byggja upp starfsemi hérlendis á þessu sviði. Flest þau verkefni sem samið var um á síðustu árum og fyrirhugað var að ráðast í á árinu hafa frestast. Vegna efnahagsástandsins og skorts á lánsfé hefur fyrirtækjunum ekki tekist að fjármagna þau og samið um frestun á þeim. Þar sem efnahagsástandið hefur lítið breyst mun af þessum sökum verða mikil óvissa um framhaldið á næstu mánuðum og staðan ekki skýrast fyrr en erlendir lánamarkaðir opnast.

## Markaður og gjaldskrármál

Þann 1. ágúst 2009 tók ákvörðun stjórnar um gjaldskrárhækkun gildi. Þá hækkaði flutningsgjald til dreifiveitna um 10% og gjaldskrá fyrir tapakostnað um 7%. Aðrir gjaldskrárliðir breyttust ekki. Gjaldskrá Landsnets hafði verið óbreytt frá 1. febrúar 2008 en frá þeim tíma til 1. ágúst 2009 hækkaði almennt verðlag um 22% samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Gjaldskrá fyrir flutning raforku til stórnotenda er í USD og tók ekki breytingum á árinu 2009. Stjórn ákvað hins vegar að lækka gjaldskrá fyrir flutning til stórnotenda um 7% frá og með 1. janúar 2010.

Undirbúningi fyrir skipulagðan markað fyrir raforku lauk árið 2008 og var raforkumarkaðurinn tilbúinn til gangsetningar í nóvember það ár. Í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga sem þá riðu yfir var ákveðið að fresta opnun markaðarins. Stjórn ákvað að fengnu álitni aðila markaðarins að ekki væri tímabært að

huga að opnun ISBAS árið 2009 og frestast hún því um sinn. Engu að síður er afar mikilvægt að virkur raforkumarkaður komist á í landinu sem fyrst.

Eitt af meginmarkmiðum Landsnets varðandi gjaldskrá er að hún sé stöðug, kostnaðarrétt og að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti hagræðingar í starfseminni. Haggræðing hefur átt sér stað í rekstri Landsnets undanfarin ár og hefur gjaldskráin tekið mið af því og lækkað að raunvirði. Til að tryggja að áframhald verði á þessari þróun hafa hönnunarforsendur verið endurskoðaðar með það að markmiði að draga út fjárfestingakostnaði. Þetta er afar mikilvægt í ljósi efnahagsumhverfisins og þeirra erfiðleika sem fyrirsjáanlegir eru í útvegum erlends lánsfjármagns á næstunni. Fyrir stóriðjugjaldskrána sérstaklega er mikilvægt að tekjumörk stórnotenda verði í bandaríkjadöllum eins og gjaldskráin. Þannig verður stöðugleikinn best tryggður, komið í veg fyrir óþarfa sveiflur vegna gengisbreytinga og hagur aðila tryggður til lengri tíma.

## Starf stjórnar

Stjórn Landsnets var öll skipuð á aðalfundi fyrirtækisins 31. mars 2009. Stjórnin hélt sautján bókaða fundi árið 2009. Að auki voru nokkrir aðrir fundir til að fjalla um stefnumörkun fyrirtækisins og önnur mál er kröfðust athygli stjórnarinnar. Á stjórnarfundum komu fjölmörg mál til umfjöllunar og afgreiðslu. Stjórnin fjallaði nokkuð um stefnumarkandi mál en þau eru helst eftirfarandi:

## Stefnumótun og markmiðssetning

Stjórnin átti sérstakan stefnumótunarfund með framkvæmdastjórn um málefni fyrirtækisins til að fjallaða um setningu markmiða fyrir starfsemi Landsnets útfrá eftirfarandi atriðum: Framtíðarsýn og hlutverki, stefnumiðum, skipulagi, árangri, ábyrgðarskiptingu, fjármálum, verkefnastjórnun, mælikvörðum, eftirfylgni markmiða og stöðu þeirra, upplýsingaflæði, viðskiptaáætlun og reglubundinni rýni. Í tengslum við fjárhagsáætlun ársins 2010 ákvað stjórnin að fylgja eftir áherslum sínum með nokkrum verkefnum. Þau eru helst þessi:

## Starfsreglur stjórnar

Stjórnin lauk endurskoðun á starfsreglum stjórnarinnar. Starfsreglurnar eru settar með vísan til 4. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og taka m.a. til verkaskiptingar stjórnar og forstjóra. Auk þess taka þessar reglur mið af lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf., samþykktum félagsins og leiðbeinandi tilmælum Kauphallar Íslands.

Tilgangur starfsreglnanna er að útfæra nánar fyrirmæli um störf og verkefni stjórnar félagsins til að koma í veg fyrir hagsmunarárekstra og til að tryggja að starfshættir stjórnar uppfylli skilyrði laga hvað varðar eftirlitsskyldu o.fl. Í 2. gr. laga nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf.

Samkvæmt endurskoðuðum starfsreglum stjórnarinnar er lagt til að skipaðar verði tvær undirnefndir stjórnarinnar, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd.

Hlutverk starfskjaranefndarinnar verður að setja félaginu starfskjarastefnu. Í starfskjaranefnd sitja stjórnarmenn eða þeir aðilar sem stjórnin velur til setu í henni. Starfskjarastefna var samþykkt á aðalfundi félagsins fyrr í dag.

Jafnframt ákvað stjórnin að stofna endurskoðunarnefnd til að tryggja enn betur en áður hefur verið gert gegnsæi í innri ferlum Landsnets. Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur aðilum og skal meirihluti nefndarinnar vera óháður Landsneti hf og daglegum stjórnendum þess. Endurskoðunarnefnd mun setja sér starfsreglur og meta störf sín og einstakra nefndarmanna með reglubudnum hætti. Það verður hlutverk þeirrar stjórnar sem kosin var á aðalfundinum fyrr í dag að velja einstaklinga til að sitja í endurskoðunarnefndinni.

## Rekstrar- og fjárfestingaráætlanir

Í ljósi stöðu efnahagsmála og starfsumhverfis fyrirtækja ákvað stjórn í náninni samvinnu við stjórnendur fyrirtækisins að endurskoða áætlanir ársins 2009. Ákveðið var að draga úr útgjöldum eins og frekast væri kostur án þess þó að áhætta væri tekin í starfsemi fyrirtækisins. Rekstrarkostnaður var endurskoðaður og tókst að lækka hann um 6% og varð góð samvinna við starfsfólk fyrirtækisins um þessa lausn þar sem allir lögðu sitt fram í að ná þessum árangri. Jafnframt voru allar fjárfestingar endurskoðaðar með það að markmiði að aðlaga fyrirtækið að að breyttum aðstæðum hvað undirbúning verkefna og nýframkvæmdir varðaði. Þannig urðu fjárfestingar ársins 2009 eingöngu 30% af áætlun ársins. Uppbygging flutningskerfisins á komandi árum mun kalla á miklar fjárfestingar. Landsnet hefur endurskoðað hönnunarforsendur kerfisins frá grunni og þær kröfur sem liggja til grundvallar starfseminni hvað afhendingaröryggi varðar. Í kjölfarið hefur tekist að ná fram ódýrari lausnum sem auðvelda mun fjármögnun og flyta fyrir lækkun gjaldskrár er fram í sækir.

## Niðurlag

Erfitt ár er að baki fyrir íslenskt samfélag. Niðursveiflan í efnahagslífinu hefur verið djúp; afleiðingin er skert lífskjör og mikið atvinnuleysi. Mikilvægt er að hagvöxtur fari að glæðast; að störfum fjölgi og lífskjör batni, ella getur skaðinn orðið langvarandi. Landsnet mun leggja sitt af mörkum til atvinnuuppbyggingar með því að rækja sitt hlutverk – að sjá til þess flutningskerfi raforku sé öruggt og skilvirkt og skili raforku af háum gæðum til notenda. Fjölmörg tækifæri eru á atvinnuuppbyggingu sem tengist raforkunotkun. Jafnframt þarf margar hendur á næstu árum til uppbyggingar flutningskerfisins. Afkoma Landsnets í ljósi aðstæðna er viðunandi og er rekstrarhæfi félagsins gott. Félagið býr einnig að góðu starfsfólki með mikla þekkingu og reynslu. Landsnet er því að flestu leyti



vel í stakk búið til að takast á við þau verkefni sem bíða. En framkvæmdir Landsnets tengjast öðrum framkvæmdum – í raforkuvinnslu og hjá notendum. Flest er í biðstöðu, meðal annars vegna þess hve erfitt er að fjármagna framkvæmdir. Þessu verður að breyta og það fljótt þannig að hér geti hjólin farið að snúast á ný. Aðgangur að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum er lykilatriði í þessu sambandi. Það sannast enn að „fjármagn er afl þeirra hluta sem gjöra skal“. Það afl þarf að leysa úr læðingi.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í stjórn, stjórnendum Landsnets sem og starfsmönnum öllum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á árinu sem leið.